

Mál nr. 331/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis og vinnuvélatrygging.

Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Skráningarnúmer vinnuvélar: (B)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 4. september 2024, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags 8. október 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 28. október 2024.
4. Viðbrögð V við viðbótarathugasemdum M með tölvupósti dags. 5. nóvember 2024.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ráðið að ökutæki og krani þess (vinnuvél) í eigu M hafi orið fyrir tjóni hinn 7. ágúst 2024 þegar kraninn rakst upp í brú á gatnamótum Strandgötu og Reykjanesbrautar í Hafnarfirði.

Með bréfi V til M dags. 13. ágúst 2024 var bótaskylda viðurkennd bæði úr kaskó- og vinnuvélatryggingu M hjá V vegna helmings tjónsins. V vísaði til 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 því til stuðnings að V gæti takmarkað ábyrgð sína að hluta (50%) vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns ökutækisins, starfsmanns M. Auk þess vísaði V til almennra skilmála V sem gilda samhliða bæði váttryggingarskilmálum kaskótryggingar og vinnuvélatryggingar félagsins.

M telur ósannað að um stórkostlegt gáleysi ökumanns ökutækisins A hafi verið að ræða þar sem bilun hafi verið í hæðarskynjara ökutækisins og þannig hafi gáleysi ökumanns verið ómeðvitað. Ekki sé um sömu aðstæður að ræða og í dómi Landsréttar í máli nr. 127/2018 þar sem ökumaður hafi í tvígang ekki gengið nægilega frá krana. M vísar til þess að orsök tjóns hafi ekki verið háttsemi ökumanns heldur hafi hæðarmælir ökutækisins bilað.

V telur að M hafi ekki sýnt fram á meinta bilun í hæðarskynjara ökutækisins A og sönnunarbyrði um það hvíli á M. V telur háttsemi ökumanns að gleyma að setja niður krana vera orsök tjóns M og bilun í viðvörðunarkerfi leysi ökumann ekki undan þeirri aðgæsluskyldu sem á honum hvílir. V telur að ákvæði 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gildi um samsömun milli ökumann, starfsmanns M og M og þannig sé unnt að beita ákvæðum 2. mgr. 27. gr. sömu laga um að takmarka megi ábyrgð V ef tjón sé rakið til stórkostlegs gáleysis ökumannsins. V vísar um háttsemi ökumannsins til þess að leyfileg hæð ökutækis sé 4.20 metrar skv. reglugerð um stærð og þyngd ökutækja nr. 155/2007. Staða krana ökutækis M hafi verið í hærri stöðu í ljósi þess að kraninn rakst í brú yfir gatnamótum. Þannig telur V háttsemi ökumannsins, sem er atvinnubílstjóri, vera verulegt og alvarlegt frávik frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa og augljós hætta hafi stafað af henni. V vísar auk þessa m.a. til dóms Landsréttar í máli nr. 127/2018 máli sínu til stuðnings og að það sem sé sammerkt með þeim dómi og máli M sé að stórkostlegt gáleysi ökumanna hafi falist í því að gleyma að ganga frá krönum ökutækja áður en þeir óku af stað. Einnig vísar V til úrskurða nefndarinnar í tilteknum málum.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M kemur fram að M vilji koma því á framfæri að augljóst hafi verið að hæðarskynjari hafi bilað, ella hefði hann látið vita af því að krani var uppreistur að hluta. Einnig er bent á að engin hætta hafi verið á ferðum eins og í máli Landsréttar nr. 127/2018.

V gerði ekki frekari athugasemdir vegna málsins eftir viðbótarathugasemdir lögmanns M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort sannað sé að ökumaður A hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur A, en af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að aksturinn hafi verið með krana (B)

uppréttan umfram hæðarmörk þannig að hann rakst í brú yfir gatnamótum Strandgötu og Reykjanesbrautar í Hafnarfirði hinn 7. ágúst 2024. Skýring M á því að hæðarskynjari ökutækisins vegna stöðu krana hafi bilað er ekki studd staðfestum gögnum. Verður að gera þær kröfur til ökumanna ökutækja sem búin eru krönum að þeir sjái til þess að kranar séu ekki í uppréttri stöðu við akstur m.t.t. umferðarmannvirkja sem ekið er um. Þó gögn málsins séu ekki umfangsmikil um aðstæður á vettvangi verður að leggja til grundvallar að ökumaður A hafi með háttsemi sinni vikið verulega frá því sem honum bar við akstur A. Ekki verður séð að sérstakur greinarmunur sé á mati á stórkostlegu gáleysi í þessu máli og í dómi Landsréttar í máli nr. 127/2018. Að virtri mikilli sök ökumanns sem og þess að augljós orsakatengsl eru á milli háttseminnar og tjóns, sem og atvika að öðru leyti verður að takmarka ábyrgð V við greiðslu helmings (50%) af heildartjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr kaskótryggingu ökutækis og vinnuvélatryggingu hjá V, en sem nemur 50% af tjóni M.

Reykjavík, 26. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir